

Nd.

235. Frumvarp til laga

[119. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og gilda til 31. desember 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, sbr. ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til þeirrar hækkunar á húsaleigu, sem ákveðin var skv. fyrri málsgr. 6. gr. laga nr. 94/1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, sem ákveðin eru í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.